

97. fundur

18. maí 2021

Málsnr. 2009606SA

Málalykill: 16.34

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

97 fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn þriðjudaginn 18. maí 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 13:00. Fundurinn er sameiginlegur fundur samstarfsnefnda FG og SÍ.

Fundinn sátu f.h FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir og Jón Ingi Gíslason. Af hálfu SÍ, Þorsteinn Sæberg Sigurðsson og Arnbjörg Stefánsdóttir. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Tillaga um breytingar á samþykktum Vonarsjóðs

Fram er komin tillaga þar sem óskað er eftir staðfestingu samningsaðila um að frá og með 1. ágúst 2021 verði opnað á styrkveitingar úr nýrri deild innan Vonarsjóðs sem fær nafnið **C deild - Einstaklingsbundinn styrktarsjóður**. Um er að ræða einstaklingsbundinn styrktarsjóð sem veitir m.a. styrki til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfsefningar. Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á markmiðsgrein sjóðsins, gr. 1.2., þar sem fram kemur að sjóðurinn styrki bæði faglega starfsþróun og andlega og/eða líkamlega sjálfsefningu félagsmanna. Þá er lögð til sú breyting að þegar dagskrá skólaheimsóknna sem standa í 6 klukkutíma megi ekki dreifast á fleiri en tvo daga. Stjórn sjóðsins hefur samhliða lagt til ýmsar minni breytingar í samræmi við framangreint og lagt fram skjal með samþykktum til samningsaðila þar sem allar breytingar eru rekjanlegar. Þá hafa verið færðar inn í skjalið fyrri ákvarðanir samningsaðila s.s. um styrkveitingar vegna ferðakostnaðar.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála framangreindum tillögum um breytingar á samþykktum Vonarsjóðs FG og SÍ og samþykkir að þær breytingar taki gildi frá og með 1. ágúst 2021. Fulltrúar í samstarfsnefnd munu staðfesta þá ákvörðun með rafrænni undirritun skjalsins „Reglur og samþykktir Vonarsjóðs_Frumrit_18052021_Gildistaka 1. ágúst 2021“.

Þá eru samningsaðilar sammála um að frá og með 1. ágúst 2021 hljóði grein 10.4 og 10.4.1. í kjarasamningi aðila með eftirfarandi hætti:

10.6 VERKEFNA- OG NÁMSSTYRKJASJÓÐUR FG OG SÍ: VONARSJÓÐUR

10.6.1 Sérstakur sjóður skal stuðla að aukinni starfsþróun kennara og skólastjórnenda innan FG og SÍ. Sjóðurinn veitir einnig einstaklingsbundna styrki til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Úr sjóðnum skal úthlutað til félagsmanna skv. reglum sem samningsaðilar hafa sett í sameiningu um styrki til starfsþróunar félagsmanna. Semja má um aðra ráðstöfun þess fjármagns, sem hér um ræðir, enda leiði það ekki af sér aukinn kostnað fyrir launagreiðenda.

Launagreiðandi greiðir mánaðarlega framlag í sjóðinn sem nemur 1,72% af föstum dagvinnulaunum félagsmanna í FG og SÍ (KÍ).

Þeir félagsmenn KÍ sem aðild hafa átt að Vísindasjóði FF (áður Vísindasjóði HÍK) og starfsmenntunarsjóði skulu þrátt fyrir 10.4 eiga rétt á því að Vonarsjóður FG og SÍ skili iðgjöldum þeirra áfram til nefndra sjóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:30